

Samúð og viðbjóður

Bækur

Brekkan (Skráninga). Carl Frode Tiller. 283 bls. Kristian Guttesen þýddi. Salka 2006.

Brekkan er fyrsta skáldsaga Carl Frode Tiller (f. 1970). Hún kom út í Noregi árið 2001 og vakti mikinn fögnuð meðal lesenda og gagnrýnenda þar í landi. Efniviður hennar er geðveikin í sinni verstu mynd og ofbeldi í fjölskyldu og samfélagi. Helstu persónur eru nafnlausar og það er sögumaðurinn einnig. Hann er um tvítugt og dvelur á geðveikrahæli þegar sagan hefst og þjáist m.a. af ofsóknaræði og þráhyggju sem hann reynir af veikum mætti að halda í skefjum. Uppvöxtur hans er varðaður sársauka, misþyrmingum, meðvirkni og niðurlægingu. Foreldrar hans eru undirmálsfólk, faðirinn er alki sem beitir alla fjölskylduna andlegu og líkamlegu ofbeldi og móðirin einmana offitusjúklingur. Þau hafa bæði glatað voninni um betra líf og vonbrigði þeirra birtast í taumlausri beiskju og hatri. Í stuttum inngangskafli er innsýn veitt í sjúkan huga föðurins þar sem „kellingin“ og synirnir tveir eru sýnd með hans augum. Þau atriði sögunnar þar sem faðirinn og sögumaður eiga samskipti eru svo nístandi og grimm að þau eru varla fyrir viðkvæmt fólk.

„Ég verð að halda áfram að skrifa núna. Sálfræðingurinn sagði að það myndi gera mér gott að skrifa. Ég skrifa eins hratt og ég get. Myndirnar þeytast í gegnum mig með eldingarhraða og ég reyni að fylgjast með“ (41). Smátt og smátt raðast brotakennd fortíð sögumanns saman þar sem hver ógæfan eltir aðra. Þegar drengnum er svo loksins komið til fósturforeldra er hann orðinn svo skemmdur af ofbeldi, einelti og kúgun að honum er ekki viðbjargandi. Fjölskyldan, skólakerfið og barnaverndaryfirvöld hafa brugðist honum. Afsprengið er glæpamaður sem er blindur af heift og snargeðveikur en um leið aumkunarverður í einsemd sinni og sjúklegri sektarkennd. Geðveiki hans birtist skýrt í textanum, mikið er um sömu atburði og lýsingar aftur og aftur, fyrst stjórnlaust í sundurlausum brotum en svo bætist nýtt brot við í hvert sinn sem fyllir myndina. Minningabrotin renna saman og sundur í huganum, hávær hljómur sprengir hlustirnar, köngulær skríða um líkamann og hugsanirnar hverfast hver ofan í aðra í löngu vitundarflæði. Geðveikin tekur öll völd og spennan í textanum verður nánast óbærileg.

Tiller skrifar á nýnorsku, ritmáli sem sífellt færri Norðmenn tala og á því verulega undir högg að sækja. Þýðing Kristians Guttesen er afburðagóð, honum tekst að halda sprengikrafti frumtextans til haga og skila sjúkum og heiftúðugum hugarheimi til lesandans þannig að samúð með sögumanni og alger viðbjóður á gerðum hans berjast um yfirráðin. Alveg mögnuð saga, það er hreinlega hægt að finna íkornatennurnar naga mann að innan og skordýrin skríða undir húðinni löngu eftir að lestrinum er lokið.

Steinunn Inga Óttarsdóttir